



Ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur 2010



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lykiltölur	4
Félagsmál	5
Starfsmenn	6
Rekstrartekjur	7
Gróðursetningar	8
Seld jólatré	9
Heiðmörk	10
Afmælishátíð	17
Vormarkaður	17
Jólamarkaður	18
Jólatrjáasalan í Kaupþúni	19
Borgartré 2010	20
Esja	21
Úlfarsfell	23
Reynivellir	23
Fellsmörk	23
Atvinnuáttak	25
Grænu skrefin	26
Fræðslu- og kynningarmál	27
Náttúruskóli Reykjavíkur	29
Samstarfs- og styrktaraðilar	30
Ávarp á Vígsluflöt 26. júní 2010	31

Höfundar

Kristján Bjarnason
Hannes Siggason
Helena Óladóttir
Helgi Gíslason
Ólafur E. Ólafsson
Sigurjón Eyjólfsson
Pröstur Ólafsson

Ljósmyndir

Bergþóra Einarsdóttir tók mynd á bls.29.
Einar Gunnarsson tók mynd á bls. 23.
Kristján Bjarnason tók aðrar myndir að undanskilinni mynd á bls. 32.
Ljósmyndari hennar er ókunnur en
Öldungaráð skógfræðinga færði félaginu myndina að gjöf.

Umsjón

Kristján Bjarnason

Próförk og aðstoð við uppsetningu

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Prentun

Pixel prentþjónusta

Inngangur

Árið 2010 var merkisár í sögu félagsins, en þá varð Heiðmörkin 60 ára, þetta glæsilega og fjölbreytta útivistarsvæði sem hefur lengi þjónað höfuðborgarbúum svo vel. Af því tilefni gróðursetti Jón Gnarr borgarstjóri garðahlyn á Vígsluflöt, en við vígslu Heiðmerkur nákvæmlega 60 árum gróðursetti þáverandi borgarstjóri, Gunnar Thoroddsen, sitkagreni á Vígsluflöt. Gerð er grein fyrir afmælisdagskránni síðar.

Á árinu féll frá kær stjórnarkona, Guðrún Þórsdóttir, sem sinnt hafði skyldum sínum í stjórn félagsins af alúð og krafti. Hennar er sárt saknað. Gunnlaugur Claessen lét af störfum eftir farsæla stjórnarsetu og eru honum þökkuð störfin.

Mál vegna skemmda á Þjóðhátíðarlundi þegar Kópavogsbær lagði þar vatnslögn í leyfisleysi vannst fyrir Hæstarétti eftir málaferli sem staðið höfðu síðan 2007 og voru félaginu dæmdar fullar bætur fyrir trjágróður í eigu þess. Það ber að líta á þetta mál sem einangrað í samskiptum félagsins og Kópavogsbæjar. Íbúar Kópavogs nýta Heiðmörk í miklum mæli til útivistar og eru þeir ávallt velkomnir og væntir félagið góðs af samstarfi við Kópavogsbæ í útivistarmálum í framtíðinni.

Skógræktarfélagið eignaðist 25% hlut í gróðrarstöðinni Barra hf. þegar samstarfi Barra og Fossvogsstöðvarinnar lauk fyrir rúmum áratug. Ráðist var í umtalsverða uppbyggingu á Barra þegar starfsemi hans var flutt frá miðbæ Egilsstaða og yfir í Fell 2007-2008 vegna skipulagsbreytinga. Þessari uppbyggingu var rétt lokið þegar efnahagshrunið dundi yfir og skapaði það gróðrarstöðinni mikla fjárhagslega erfiðleika. Gróðrarstöðin hefur nú verið endurskipulögð fjárhagslega og efnahagur hennar lagfærður. Við þær breytingar lækkaði hlutfé Skógræktarfélagsins í 10%.

Borgarstjórn fól Skógræktarfélagi Reykjavíkur varðveislu Elliðavatnsjarðarinnar ásamt húsum árið 1963. Árið 2004 afsalaði Reykjavíkurborg jörðinni ásamt bæjarhúsum til Orkuveitu Reykjavíkur og var gerður þjónustusamningur við félagið í kjölfarið. Markmið samningsins var að hafa tilfærslur fjármuna sem greinilegasta í bókhaldi Orkuveitunnar - tekjustofnar af jörðinni, sem félagið hafði haft síðan 1963 til reksturs Heiðmerkur, runnu beint til Orkuveitunnar, sem svo greiddi sömu upphæð á móti. Sama gildi um leigu Skógræktarfélagsins fyrir afnot af Elliðavatnsbænum. Skógræktarfélagið hefur haft Elliðavatnsbæinn til afnota við rekstur Heiðmerkur frá 1963 og lagt umtalsverða fjármuni í endurbætur. Þessu fyrirkomulagi hefur Orkuveitan nú sagt upp og ekki hefur verið gengið frá nýjum samningi. Er því staða Elliðavatnsbæjarins sem þjónustukjarna fyrir Heiðmörk í uppnámi.

Þegar Fossvogsstöðin var seld Reykjavíkurborg árið 2000 var hluti söluverðs loforð um afhendingu sérstakrar lóðar til félagsins. Lóðin var loks afhent sl. haust og er hún á Suðurlandsbraut 68, um 3.000 m² að stærð.

Samdráttur hefur verið umtalsverður í framkvæmdum og rekstri á vegum félagsins. Því miður tókst ekki að draga nægjanlega úr rekstri til að mæta tekjusamdrætti og varð því halli á rekstrinum. Verður eitt helsta viðfangsefni ársins 2011 að leiðrétta þann halla.

Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri.

Lykiltölur

	2006	2007	2008	2009	2010
Ársverk samtals	16,2	17,1	18,0	23,8	17,1
<i>Félags- og fræðslustarf</i>					
Félagar (í árslok)	1.262	1.242	1.174	1.169	1.176
Fræðsluerindi	9	6	17	23	17
Þátttakendur í fræðslu - áætlað	495	150	630	690	800
Viðburðir og móttökur	6	7	12	6	10
Barnastundir		10	30	30	30
Þátttakendur í viðb. og mótt.- áætlað	5.000	9.000	14.980	11.000	12.000
<i>Landnemar og sjálfboðaliðar</i>					
Heiðmörk	132	135	138	140	140
Esjuhlíðar	2	2	2	2	2
Fellsmörk	42	42	42	37	37
Samtals	176	179	182	197	197
Móttaka landnemahópa			25	21	24
Fjöldi landnema við gróðursetningu			300	250	480
Fjöldi fyrirtækja við gróðursetningu			2	2	1
Fjöldi þátt. við gróðursetningu fyrirt.			60	60	60
Skólanemar, frætínsla og sáning			344	0	0
<i>Skógræktarframkvæmdir</i>					
Gróðursettar plöntur	105.834	138.074	249.959	190.315	99.772
Nýir stígar (km)	0,0	2,7	0	0,5	0
Áburðargjöf (tonn)	2,0	3,0	3,0	0,5	1,5
Grisjun (ha)	5,0	9,0	6,2	4,5	4,8
Seld jólatré	1.224	1.884	2.990	2.404	2.487
Trjáskurl (laus m ³)	30	39	60	100	70
Bolviður (fastur m ³)			165	35	85
Eldiviður (fastur m ³)			2	6	19
<i>Rekstrareiningar:</i>					
Heiðmörk 32 km ² , Fellsmörk, Esjuhlíðar 10 km ² , Reynivellir, Elliðavatnsbærinn 363,5 m ² , Fræðslusetur við Elliðavatn (eldri byggingar) 148,6 m ² , vélaskemma við Elliðavatn 422,4 m ² .					
Stígar (km)	39,2	39,2	41,9	42,4	42,4
Viðhald stíga (km) (nýr liður 2010)					0,5
Áningarstaðir	9	9	10	10	10
Borð og bekkir	30	40	40	40	35
Salerni	4	4	3	0	0
Ruslakassar	20	20	20	20	15
Grill	12	12	13	13	13
Esjuhlíðar, ný skilti	6	0	0	0	1
Heiðmörk, ný skilti	36	18	67	6	0
<i>Vélar og tæki:</i>					
Bílar (2), dráttarvél, útdrattarspil, sláttutraktor, snjósleði, sexhjól.					
Kerrur og vagnar		5	5	5	4
Keðjusagir		4	4	4	3
Skógarútteyrsluvél					1

Félagsmál

Félagatal

Fjöldi félaga í lok ársins var 1.176. Af skrá voru teknir 55 en 52 bættust við.

Stjórn

Formaður:	Pröstur Ólafsson
Varaformaður:	Aðalsteinn Sigurgeirsson
Ritari:	Lilja Guðmundsdóttir
Gjaldkeri:	Auður Jónsdóttir
Meðstjórnendur:	Árni Bragason Gunnlaugur Claessen (lét af störfum á árinu) Inga Rósa Þórðardóttir Kristjana Bergsdóttir Ólafur Sigurðsson

Varastjórn

Guðrún Þórsdóttir (lést á árinu)
Hjalti Elíasson
Þorsteinn Tómasson

Skoðunarmenn

Aðalmenn:	Sveinbjörn Dagfinnsson Þorvaldur S. Þorvaldsson
Varamenn:	Karl Eiríksson Sturla Snorrason
Endurskoðandi:	Einar Hafliði Einarsson

Samþykktir á aðalfundi 7. apríl 2010

1. Heiðmörk er helsta útivistarsvæði höfuðborgarinnar og nágrennabyggðarlaga. Aðdráttarafl þess eykst í samræmi við aukna gróðursæld þar og á hverju ári fjölga þeim sem þangað sækja. Kannanir sýna að árlega kemur fleira fólk í Heiðmörk en sækir heim sjálfan þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þau atvik hafa orðið á allra síðustu árum sem benda eindregið til þess að framtíð þessarar náttúruverlu sem útivistarsvæðis fyrir almenning sé ekki tryggð. Við því þarf að bregðast með þeim hætti sem dugir. Fundurinn samþykkir að félagið beiti sér fyrir því að sett verði sérstök lög um málefni Heiðmerkur með norska löggjöf um Oslóarmörk sem fyrirmynd. Jafnframt samþykkir fundurinn að beina því til umhverfisráðherra að taka frumkvæði til þess að ná þessu markmiði og leiða þá til samvinnu um það sem helst eiga hagsmuna að gæta á svæðinu til að sem víðtækust sátt geti náðst um málið.

2. Aðalfundurinn beinir þeim eindregnu tilmælum til Landgræðslu ríkisins að veita fjármunum til þess að sporna við mikilli eyðingu á grónu landi sem nú sér stað í Fellsmörk í Vestur-Skaftafellssýslu vegna mikils ágangs vatnsfalla á svæðinu.

Starfsmenn

Eftirtaldir unnu hjá félaginu í mánuð eða lengur:

Bergþóra Einarsdóttir	Ýmis verkefni
Dennis Glinvad Christensen	Skógarmaður í námi
Helgi Gíslason	Framkvæmdastjóri
Svavar Sigurðarson	Ræstingar
Jökull Guðmundsson	Skógarmaður
Kristján Bjarnason	Verkefnisstjóri
Ólafur E. Ólafsson	Skógarvörður
Stephen Patrick Lockhart	Skógarmaður
Theódór Norðkvist	Starfsmaður

Skipting ársverka

	2008		2009		2010	
	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk	Starfs- menn	Ársverk
Starfsmenn félagsins	15	7,5	12	6,0	5*	5,0
Vinnuskólinn	55	5,1	50	4,6	50	4,6
Landsvirkjun	15	3,9	18	4,7	18	4,7
British volunteers	5	1,5	5	0,8	5	0,8
Atvinnuátak			79	7,2	23	1,3
Grænu skrefin			5	0,5	1	0,1
Landnemar					540	0,48
Störf á jólavertíð					14	0,16
Samtals	90	18,0	169	23,8	656	17,14

*Heilsársstarfsmenn



Rekstrartekjur

Félagsgjald ársins var kr. 1.800, félagar sem greiddu félagsgjald voru 805.

	2010	2009
Framlög		
Reykjavíkurborg, þjónustusamningur - Heiðmörk	16.448.988	18.423.663
Reykjavíkurborg, vegna grisjunar, Heiðmörk.....	2.700.000	2.720.400
Reykjavíkurborg, vegna stígagerðar, Esja.....	1.600.000	1.600.000
Reykjavíkurborg, þjónustusamningur - fræðslumál	5.822.520	6.469.537
Orkuveita Reykjavíkur, samningur	6.500.004	6.500.004
Toyota, vegna Esju	0	500.000
Minningarsjóður Páls Gunnarssonar	0	500.000
Annar styrkur	75.000	107.900
	<u>33.146.512</u>	<u>36.821.104</u>
Félagsgjöld	<u>1.449.762</u>	<u>1.390.160</u>
Seldar vörur og þjónusta:		
Jólatrésala	8.390.515	7.815.974
Jólamarkaður, sala	5.189.856	3.662.402
Jólasala, vörukaup og kostnaður.....	(3.196.994)	(1.302.612)
Viðarkurl, grill, flaggstangir o.fl.	2.103.396	2.232.660
	<u>12.486.773</u>	<u>12.408.424</u>
Leigutekjur:		
Fellsmörk	1.554.264	2.331.680
Afskrifuð leiga - Fellsmörk	(396.365)	0
Leiga herbergis - Elliðavatn	834.491	739.761
Leigutekjur - afsal	145.019	485.621
Útleiga áningarstaða í Heiðmörk	189.640	100.000
	<u>2.327.049</u>	<u>3.657.062</u>
Aðrar tekjur og styrkir til sérverkefna:		
Umhverfissjóður verslunar.....	3.500.000	2.600.000
Garðabær, vegna Heiðmerkur.....	1.000.000	1.000.000
Virknisverkefni	899.040	0
Reykjavíkurborg, Grænu skrefin	5.000.000	8.000.000
Síminn, hringt í tré	0	450
Akstur	11.000	137.330
Tjónabætur	0	330.120
Aðrar tekjur	66.440	0
	<u>10.476.480</u>	<u>12.067.900</u>
Samtals tekjur:	<u>59.886.576</u>	<u>66.344.650</u>

Gróðursetningar

Gróðursetning 2010							
Tegund	Heiðmörk	Esju-hlíðar	Fells-mörk	Reynivellir	Úlfarsfell	Landnemar Heiðmörk	Samtals
Birki	7.756	16.080				280	24.116
Blágreni	1.200						1.200
Sitkagreni/bast.	9.703					417	10.120
Stafafura	30.835					655	31.490
Rússalerki	8.375	335					8.710
Evrópulerki		5.896					5.896
Rauðgreni	2.500						2.500
Jörfavíðir	960	240					1.200
Loðnvíðir	400						400
Alaskavíðir	240						240
Strandavíðir	600						600
Reyniviður	5.410	455				435	6.300
Alaskaösp	6.545	245				210	7.000
Samtals	74.524	23.251				1.997	99.772



Seld jólatré

Jólatré	2008	2009	2010
Heildsala	805	319	253
Jólaskógur Hjalladal	1.580	1.330	936
Tröpputré í Hjalladal	0	0	35
Torgtré	25	25	9
Skólatré	19	15	13
Leikskólatré	7	5	6
Veggtré	99	56	59
Tröpputré í heildsölu	0	0	96
Tröpputré Elliðavatni	116	254	270
Jólatré Elliðavatni	339	400	371
Jólatré Kaupþúni	0	0	402
Tröpputré Kaupþúni	0	0	37
Samtals	2.990	2.404	2.487



Jólatré –tegundir 2010	Stafaf.	Blágr.	Rauðgr.	Sitkagr.	Fjallap.	Lindif.	Samtals
Heildsala	253						253
Jólaskógur Hjalladal	684			252			936
Tröpputré, Hjalladal	35						35
Tröpputré, heildsala	96						96
Torgtré				9			9
Skólatré	3			10			13
Leikskólatré	6						6
Veggtré			59				59
Tröpputré, Elliðavatni	270						270
Jólatré, Elliðavatni	268	53	16	4	30		371
Jólatré, Kaupþúni	247	41	84	14	12	4	402
Tröpputré, Kaupþúni	37						37
Samtals	1.899	94	159	289	42	4	2.487

Heiðmörk

Verkefni	Ársverk
Stjórnun	0,50
Grisjun og umhirða	3,00
Fræðsla	0,75
Atvinnuátak o.fl.	1,20
Vinnuskólinn	4,60
Landsvirkjun	4,70
Landnemar	0,48
Störf á jólavertíð	0,16
Samtals	15,39

Starfsmannahald

Starfsemi vinnuflokksins var með hefðbundnu sniði á árinu. Starfsmenn voru Ólafur Erling Ólafsson skógarvörður, Jökull Guðmundsson og Stephen Lockhart skógarmenn. Einnig starfaði danskur skógfræðistúdent hjá félaginu í 4 vikur og tók þátt í grisjun, gróðursetningu og almennum störfum. Fimmtíu unglingar voru um sumarið á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur og um 18 unglingar á vegum Landsvirkjunar.

Á undanförunum árum hefur Vinnuskóli Reykjavíkur komið myndarlega að málum í Heiðmörk og hafa unglingar á hans vegum unnið margt þarfaverkið. Á síðastliðnu sumri störfuðu þau aðallega að snyrtingu umhverfis Elliðavatnsbæinn, við gróðursetningu, grisjun og uppkvistun.

Óbein störf sköpuðust einnig hjá verktökum vegna vinnu á vegum félagsins (grisjunarmenn, jarðvegsverk, vélaviðgerðir, flutningaþjónusta, útgáfa og kynning, bókhald, endurskoðun og lögfræðiþjónusta).

Framkvæmdir

Talsvert var um nýframkvæmdir á árinu. Hæst ber grisjun á um 4,8 ha. skóglendi. Einnig voru gróðursettar um 76.000 plöntur.

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Grisjun (ha)	2	4,5	5	9	6,2	4,5	4,8
Gróðurs. (þús. pl.)	115	160	58	70	100	67	76
Göngustígar (km)	2,2	3,2	0	0	0	0,5	0
Viðh. stíga (km)*							0,5
Áningarstaðir (stk.)	0	2.	0	0	1	0	0

*Nýr liður 2010



Grisjun


Vegna mikillar grisjunarþarfar í skóglendum Heiðmerkur hefur á síðustu árum verið reynt að grisja sem mest. Á árinu voru grisjaðir um 4,8 ha. af bæði stafafuru- og sitkagrenireitum. Stafafuran er nokkuð viðkvæm fyrir því að fá ekki umhirðu sem skyldi. Því hefur verið lögð sérstök áhersla á að grisja unga stafafurureiti en einnig hafa nokkrir eldri fengið að fljóta með. Var grisjunin unnin að stærstu leyti af starfsmönnum félagsins en 1,1 ha. af sitkagreniskógi var grisjaður af verktökum. Öll útkeyrsla grisjunarviðar var unnin af starfsmönnum félagsins. Þetta efni var að hluta til kurlað niður, u.þ.b. 70 m³, einnig voru framleiddir um 19 m³ af eldivið. Talsverð aukning hefur orðið í eldiviðarsölu og stefnir félagið á að auka hlutdeild sína verulega á þeim markaði á næstu árum.

Samkvæmt umhirðuáætlun frá 2002 voru um 70 hektarar í brýnni þörf fyrir grisjun en vegna blíðrar veðráttu undanfarin ár hefur vöxtur trjágróðurs verið með miklum eindæmum og hefur því fjöldi hektara í brýnni grisjunarþörf aukist mjög, má varlega áætla að sú tala sé komin vel yfir 100 ha. Þar sem Heiðmörk er helsta útivistarsvæði höfuðborgarbúa þá er lögð á það rík áhersla að öll grisjun stuðli að fjölbreyttari skógarlundum og auðveldara aðgengi um skógana. Nokkur dæmi eru um að grisjunarmenn hafi rekist á óvæntar trjátegundir, eins og fjallapöll og rússalerki, á kafi inni í sitkagreni- og stafafurureitum. Er þá reynt eftir fremsta megni að skapa þessum trjám sem best vaxtarskilyrði, höggvið vel frá þeim og almennt passað upp á þau. Í framtíðinni geta nokkur slík tré skapað mikla fjölbreytni í annars einsleitum trjáreitum.



Gróðursetning

Gróðursettar voru um 76.000 plöntur, úr Landgræðsluskógaverkefningu, Blómavalsverkefningu og aðkeyptar. Algengust var stafafura, birki, rússalerki, sitkagreni og reyniviður. Voru þessar plöntur gróðursettar að mestu leyti af vinnuflokkum Landsvirkjunar og Vinnuskólans.



Göngustígagerð

Göngustígakerfið í Heiðmörk er í dag um 42 km. Liggja flestir göngustígarnir í þéttum eldri reitum og eru greinar trjáanna víða farnar að vaxa vel inn á göngustígana. Fyrir um tveimur árum var ákveðið að samhliða endurbótum á göngustígum yrðu kvistud upp þau tré sem næst þeim standa. Trén sem standa næst göngustígnum eru þá tekin og af þeim sagaðar allar greinar upp í ríflega tveggja metra hæð. Aðgerð sem þessi hefur margþætt áhrif. Meira berst af sólarljósi niður á göngustígana, sérstaklega að sumri til. Við það hækkar bæði hitastig og birtan eykst. Ef vonir okkar ganga eftir mun þetta skapa ýmsum villtum blómplöntum aðstæður til að festa rætur í nágrenni stíganna sem skapar þá fallettri skóg. Einnig hefur það sýnt sig að þessir stígar eru mun betri til gönguskíðaiðkunar á veturnum. Sökum þess að þarna myndast lítil opna í

samfelldum skógi safnast mun meiri snjór á þá sem er auðvelt að troða niður og búa þar með til skemmtilegar skíðagöngubrautir. Við þessa uppkvistun eykst líka útsýni göngufólks inn í skóginn. Í stað þess að ganga meðfram iðjagrænum skógarvegg sér fólk nú greinilega inn í skóginn, með öðrum orðum, þá sér fólk trén fyrir skóginum. Á næstu árum verður vinnu við þetta fram haldið þar sem skógurinn er víða farinn að þrengja að göngustígunum.

Vífilsstaðahlíð

Áningarstaðurinn í Vífilsstaðahlíð er einna mest notaður staði í Heiðmörk og hreinsa starfsmenn félagsins þar rusl allt að þrisvar sinnum í viku á sumrin, grill eru hreinsuð, sópað og slegið gras. Stórgrýti var komið fyrir til að hindra bílaumferð. Skipt var um fjögur borð og bekki, sem öll voru brennd til kaldra kola. Borið var á og gróðursettar 10.000 trjáplöntur í Hjalladal: stafafura, blágreni, sitkagreni og rauðgreni. Grisjun í Vífilsstaðahlíðinni er orðin mjög aðkallandi verkefni og verður vonandi hægt að sinna því á næstu árum.

Sorphirða

Eins og undanfarin ár sinntu fastir starfsmenn allri almennri ruslahreinsun í Heiðmörk. Ljóst er að mikilli fjölgun gesta á síðustu árum í Heiðmörk fylgir mikið rusl sem þarf að hreinsa. Víðs vegar í Heiðmörk eru ruslakassar sem flestir nota en þó eru alltaf einhverjir sem finna sig knúna til að láta sitt eftir liggja þar sem þeir standa. Hefur þetta vandamál vaxið, sérstaklega eftir að byggðin nálgast Heiðmörkina. Öll grillaðstaða á öllum áningarstöðum er hreinsuð reglulega á blíðviðrisköflum, jafnvel daglega. Er þetta mikið verk þar sem áningarstöðum hefur verið fjölgað og notkun þeirra stórkostleg á síðustu árum í kjölfar fjölgunar gesta. Bein skemmdarstarfsemi virðist einnig hafa aukist samfara fjölgun gesta og hefur borið nokkuð á því að einstaka gestir hafa skeytt skapi sínu á ruslakössum sem víða er að finna á svæðinu. Í ljósi góðrar reynslu af nýju gerðinni af ruslaskýlunum voru sett upp tvö ný steipt ruslaskýli á árinu, við Helluvatn og á Borgarstjórplani. Reynslan er sú að góð ruslaaðstaða bætir mjög umgengni á svæðinu. Einnig léttir þetta til muna vinnu starfsmanna í Heiðmörk, enda fer mjög mikill tími og orka í að halda svæðinu hreinu.



Áningarstaðir

Alls eru tíu skipulagðir áningarstaðir í Heiðmörk. Á hverjum stað er eitt eða fleiri steingrill ásamt borðum og bekkjum. Við þessa áningarstaði eru líka ruslatunnur eða ruslaskýli eins og fyrr var getið. Grasflatir á áningarstöðum þurfa sitt viðhald. Á þær er borið reglulega og þær slegnar aðra hverja viku til að halda þeim grænum og fallegum. Það verður æ erfiðara á mest sóttu áningarstöðunum vegna ágangs, einkum þó í Furulundi. Hann er vinsælasti áningarstaðurinn í Heiðmörk, bæði vegna leiktækjanna og blakvallarins sem þar er, en einnig sökum þess að hann er einna best kynntur í gegnum grunnskóla höfuðborgarsvæðisins sem sækja hann mjög mikið bæði á vorin og haustin í grillferðum yngstu barnanna.

Vélar og lausamunir

Viðhaldi á vélum og lausamunum var sinnt eftir þörfum. Stærsta hlutann af því viðhaldi þurfti að vinna á sérhæfðum verkstæðum. Ljóst er að ástand veganna í Heiðmörk er einn af stærstu orsakabáttum þeirra bilana sem verða á traktor og bílum, hafa þessar bilanir ágerst með árunum enda æ oftast sem vegirnir eru í mjög lélegu ástandi og minna oft meira á skógarlóða heldur en vegi til almenns aksturs. Við látlausan akstur á holóttum vegum slitna tæki og tól mun meira en eðlilegt getur talist og er þetta farið að kosta félagið upphæðir sem verulega munar um. Vonandi sjá menn að sér svo vegir og bílastæði í Heiðmörk verði byggð upp til samræmis við það sem eðlilegt getur talist á svæði sem hundruð þúsunda gesta heimsækja árlega.



Skógarútkeyrsluvél

Árið 2010 markar ákveðin tímamót hjá Skógræktarfélaginu því keypt var sérstök skógarútkeyrsluvél frá Svíþjóð af tegundinni Alstor 8X8. Kom hún til landsins fyrir jól og hefur bæði verið notuð til að keyra grisjunarvið úr skógi sem og megnið af þeim jólatrjám sem höggvin voru á vegum félagsins. Skógarspilið sem félagið átti var selt til Skógræktarfélags Árnesinga og mun það vonandi nýtast þeim vel. Alstor er sérhönnuð vél til notkunar á ósléttu landi og inn á milli trjáa án þess að skemma undirgróður eða eftirstandandi tré. Er vélin mjög vinnusparandi og afkastageta hennar margföld á við spil þegar rétt er höggvið fyrir hana. Jafnframt skilar hún timbrinu hreinu og lausu við jarðveg, sem verður til þess að bit helst mun lengur í tækjum og

vörurnar sem koma úr framleiðslunni verða hreinni. Einnig fylgir henni sturtanlegur malarpallur þannig að hægt er að nýta hana við göngustígagerð og getur hún þá mokað sjálf á sig.

Skógræktarfélagið gerir sér vonir um að önnur félög og skógræktendur vítt og breitt um landið sjái tækifæri í að nýta sér þessa vél og mun félagið í framtíðinni taka að sér útkeyrslu í grisjunum þar sem þess gerist þörf. Einnig gæti vélin nýst vel við að sækja rekavið úr torfærum fjörum.



Jólaskógurinn í Hjalladal

Á undanförnum árum hafa jólatré og ýmiss undirbúningur fyrir hátíðarnar orðið æ stærri þáttur í starfsemi félagsins. Á árinu var horfið af þeirri braut að selja meirihluta jólatrjáa sem höggvin eru í heildsölu og mun stærri hlutdeild var í smásölu á vegum félagsins sjálfs. Fór salan fram á þremur stöðum, að Elliðavatni, í Hjalladal og í Kaupúni í Garðabæ, en nánar verður sagt frá því annars staðar í ársskýrslunni. Sala á stærri trjám til sveitarfélaga og stofnana á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist nokkuð og vonandi mun takast að stækka hlutdeild félagsins á þessum markaði, því söluhæfum trjám í Heiðmörk hefur fjölgað og með hverju ári er hægt að bjóða hærri tré.

Í nokkur ár hefur félagið boðið almenningi að koma og heimsækja okkur í Heiðmörk síðustu helgarnar fyrir jólin og höggva sitt eigið jólatré. Hefur það notið sívaxandi vinsælda enda um mjög skemmtilega samverustund fjölskyldunnar að ræða. Fyrir jólin 2010 komu milli 5.000 og 6.000 manns, bæði börn og fullorðnir, en alls seldust rúmlega 900 tré með þessum hætti. Mjög skemmtilegt er að sjá heilu „ættartrén“ koma og njóta þess að ganga um skóginn og velja sér tré. Alla dagana bauð félagið upp á heitt kakó og piparkökur að loknu jólatrjáahöggi, auk þess sem jólasveinar voru á svæðinu og skemmtu börnum og fullorðnum. Ekki er hægt að segja annað en mikil og skemmtileg jólastemning hafi ríkt allan tímann í Hjalladal. Er það ljóst að þessi siður er orðinn að hefð hjá mörgum fjölskyldum enda vandaverk að velja rétta jólatréð. Önnur skógræktarfélög og skógræktendur hafa einnig haldið úti svipaðri

starfsemi fyrir jólin og má því gera ráð fyrir að einhverjar þúsundir trjáa hafi verið felld með þessum hætti fyrir síðustu jól.

Undanfarin ár hafa verið höggvin á sjötta þúsund trjáa í Jólaskóginum í Hjalladal og er nú svo komið að nauðsynlegt er að færa hann í nokkur ár á meðan tré sem hafa verið gróðursett ná að vaxa upp í söluhæð. Mikill fjöldi trjáa af ýmsum tegundum (stafafura, rauðgreni, blágreni og sitkagreni) hafa verið gróðursett síðastliðin ár og eru víða farin að skjóta upp kollinum. Í janúar var grisjað í Hjalladal og síðan plantað inn í strax í maí og tókst sú gróðursetning mjög vel. Einnig var borinn áburður á plöntur sem höfðu verið gróðursettar árin á undan og eru þær nú komnar í góðan vöxt, þannig að ekki er langt að bíða þar til þarna rís að nýju víðáttumikill jólatrjáaskógur.

Landnemar

Landnemastarfið var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Alls eru skráðar 24 heimsóknir landnema árinu, í skoðunar- og kynnisferðir, til að gróðursetja og gera sér glaðan dag. Sumir hafa einnig sinnt stígagerð og grisjað og komið fyrir bekkjum og bordum í sínum reitum. Félagið minnir á að fundaraðstaða býðst landnemum að kostnaðarlausu í Gamla salnum og eru þeir alltaf velkomnir til skrafs og ráðagerða heim á bæ.



Bærinn á Elliðavatni

Skrifstofur Skógræktarfélagins eru á Elliðavatni og auk þess eru þar herbergi leigð til ýmissa nota, meðal annars ritstjórnarskrifstofa tímaritsins Í boði náttúrunnar, Avanika – Kristbjörg ehf. og vetrarskrifstofur Náttúruvannsóknarstöðvarinnar á Mývatni. veiðifélag Elliðavats hefur eitt herbergi til umráða þar sem seld eru veiðileyfi á sumrin. Gamli salurinn er leigður undir fundi, námskeið og samkomur af ýmsu tagi og nýtist einnig vel á Jóla- og Vormarkaði.

Seldar afurðir

Viðarafurðir seldar úr Heiðmörk	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Trjækurl (sekkir m ³)	35	30	39	60	100	70
Bolviður (fastur m ³)	0	0	0	165	35	85
Eldiviður (m ³)	0	0	0	2	6	18,7

Afmælishátíð

Í tilefni af því að 60 ár voru liðin frá opnun Heiðmerkur stóð félagið fyrir afmælishátíð seinnihluta júnímánaðar og stóð hún yfir í viku. Fræðslugöngur voru farnar að kvöldi til í byrjun vikunnar og fengnir sérfræðingar um sögu staðarins, fiskinn í vatninu, fuglalíf og plöntur. Föstudaginn 25. júní var haldin ráðstefna í Gamla salnum með fjölda áhugaverðra fyrirlestra um deiliskipulag sem verið er að vinna fyrir Heiðmörkina, um samspil lífríkis í vatni og á landi og fleira. Á laugardeginum var síðan haldin mikil hátíð á Vígsluflöt þar sem opnun Heiðmerkur fór fram fyrir 60 árum. Formaður félagsins flutti ávarp og borgarstjóri ávarpaði gesti og gróðursetti að því loknu garðahlyn á staðnum. Tónlistarmenn léku og unga kynslóðin skemmti sér við leiki og þrautir vítt og breytt um skóginn. Fullorðnir tóku líka þátt í leiknum með miklu reiptogi þar sem vinir og andstæðingar lúpínunnar togudust á og höfðu vinir lúpínunnar sigur. Högglistamenn spreyttu sig á að höggva myndir í stóra trjáboli sem þarna hafði verið komið fyrir og svo má áfram telja. Veður var mjög gott, hlýtt og þurrt meðan á hátíðinni stóð. Um kvöldið voru síðan tónleikar í Dropanum, sem er rjóður inn af Furulundi við Heiðarveg.



Vormarkaður

Vormarkaður á Elliðavatni var haldinn í fyrsta sinn fyrstu tvær helgarnar í maí. Félag trérennismiða spilaði þar stórt hlutverk með sýningu félagsmanna á renndum gripum í Gamla salnum, auk þess sem þeir voru með sýnikennslu úti undir vegg alla dagana og einn félagsmanna flutti fræðsluerindi um fagið. Sólheimar í Grímsnesi voru með sölu á sinni lífrænu framleiðslu á trjám, grænmeti og annarri matvöru. Sporthúsið var með

tilboð á veiðivörum, Fuglavernd kynnti starfsemi sína, Veiðimálastofnun kynnti lífríki Elliðavatns, fyrirlestur var fluttur um ræktun ávaxtrjáa og landnámsþætur voru kynntar á Hlaðinu. Gámaþjónustan bauð upp á ókeypis moltu og Skógræktarfélagið seldi hnausplöntur, eldivið og kurl. Kaffistofan í Gamla salnum var opin og var meðal annars boðið upp á gulrótarsúpu og nýbakað kerfilsbrauð.



Jólamarkaður

Jólamarkaðurinn á Elliðavatni var haldinn í fjórða sinn, fjórar helgar fyrir jól. Leiðin að bænum var merkt með skiltum og logandi ljósum og fáni félagsins blakti við hún. Aðsókn að markaðnum var mjög góð og fer vaxandi ár frá ári og má segja að staðurinn taki ekki við fleiri gestum þegar mest er um að vera. Að þessu sinni var eingöngu íslenskt handverk til sölu á markaðnum, auk þess sem góðgerðasamtök fengu aðstöðu til sölu og kynninga og að sjálfsögðu var sala á jólatrjám úr skógum félagsins. Þá var í fyrsta sinn starfrækt hestaleiga og teymt undir börnum í hestagerði skammt frá bænum. Kaffihúsið var í Gamla salnum og menningunni sinnt þar á ýmsan hátt.



Á Hlaðinu voru sex söluskúrar og milli þeirra og skrifstofuhússins myndaðist nokkurs konar torgstemning, þar logaði eldur í arni, eldiviður var til sölu og einnig tré og tröpputré sem framleidd voru á verkstæði skógarvarðarins. Landsbjörg mætti með björgunarhunda og kynningu á Rústabjörgunarsveitinni. Þá voru í fyrsta sinn ristaðar möndlur á Hlaðinu og féllu þær vel í kramið hjá gestum. Aðstoðarfólk í tímabundinni vinnu kom til félagsins á aðventunni, samtals fjórtán manns.



Í Gamla salnum var Hafdís Harðardóttir með opna „blómabúð“ meðan á markaðnum stóð og seldi hún meðal annars jólaskreytingar úr efniviði skógarins. Auk hennar var síðan sölufólk með aðstöðu og fjölbreytt handverk til sölu. Á efri hæðinni var kaffistofan með hinu sígilda kakói og vöflum, þar var líka kynningarhorn félagsins og aðstaða til upplesturs og tónlistarflutnings. Á veggjum voru bláskeljaverk Gunnu Hinnu til sýnis.

Menningarstarfsemi er stór hluti Jólamarkaðarins og nú sem fyrr lásu rithöfundar upp úr nýjum bókum sínum í Gamla salnum og fyrir börnin í Rjóðrinu. Trúbadorar komu í heimsókn og kór úr Norðlingaskóla söng við opnunina. Jólasveinninn heilsaði upp á gesti og harmonikkan dunaði á hverjum degi.



Jólatrjáasalan í Kaupþúni

Undanfarin ár hefur félagið selt jólatré í Jólaskóginum í Hjalladal og á Jólamarkaðnum Elliðavatni, auk þess sem stórar verslanir hafa keypt tré af félaginu í heildsölu. Að þessu sinni var bætt við jólatrjáasölu í Kaupþúni í Garðabæ sem var opin í tvær vikur fyrir jólin. Þar voru til sölu tré í björtu og rúmgóðu húsnæði sem var opið fram á kvöld. Tré voru sótt í lönd félagsins og auk þess fengin úr Borgarfirði,

Árnessýslu og austan af Héraði. Salan fór hægt af stað en glæddist mjög með aukinni kynningu síðustu dagana fyrir jól. Með auknu framboði af innlendum jólatrjám og aukinni eftirspurn þykir félaginu einsýnt að halda áfram smásölu með þessum hætti í framtíðinni.



Borgartré 2010

Borgartré var valið og kynnt í fyrsta sinn á árinu, en frumkvæði að því verkefni kom frá Skógræktarfélaginu. Verkefnið er þannig vaxið að félagið og garðyrkjustjóri, fyrir hönd borgarinnar, tilnefna árlega eitt tré í borginni. Tilgangurinn er að vekja athygli á „merkilegum“ trjám sem nauðsynlegt þykir að varðveita og hlúa að í framtíðinni. Til greina geta komið „merkileg“ tré af ýmsum ástæðum, til dæmis vegna sögu sinnar, útlits eða sjaldgæfni tegundar. Með tilnefningunni fylgja upplýsingar um sögu viðkomandi trés og nýjar mælingar á því á sama tíma og borgarbúar eru hvattir til að rækta fleiri tré sömu tegundar þar sem við á. Borgartré ársins 2010 var silfurreynir (*Sorbus intermedia*) í Víkurgarði á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis. Silfurreynirinn er eina tréð í garðinum sem eftir er frá tíð Schierbecks landlæknis og jafnframt elsta tré borgarinnar. Það er lifandi minnismerki um þennan merka frumkvöðul og þann tíma þegar garðyrkja og skógrækt voru að komast á legg hér á landi. Samkvæmt mælingu reyndist hann 10,19 m á hæð. Silfurreynir á uppruna að rekja til Suður-Svíþjóðar en er ræktaður víða um heim og þykir bæði harðgerður og henta vel við umferðaræðar vegna þess hve loftmengun hefur lítil áhrif á hann. Silfurreynirinn er krónumikið og svipmikið tré, náskylt reyniviðnum sem lengi hefur vaxið hér á landi. Nær 200 ára aldri erlendis og gæti því umrætt tré í Víkurgarði lifað fram undir næstu aldamót.



Esja

Eins og undanfarin ár var unnið við lagfæringu og endurgerð göngustígsins upp á Þverfellshorn. Sjálfboðaliðar frá samtökunum British volunteers báru hitann og þungann af þessu verki, en þeir vinna víða um land í samstarfi við Umhverfisstofnun. Vatnsveðrun er sem kunnugt er mikil á þessum slóðum, það skolest töluvert úr stígnum og því mikið verk að halda honum í viðunandi horfi. Sérstakt átak var gert við að laga kanta í gili nedarlega við Mógilsána og einnig var skipt um þrep og stúgur lagfærður efst í Þvergili og eru þar nú eingöngu vönduð steinþrep. Vinna við stígagerð í Einarsmýri hélt einnig áfram, en sækist seint eins og nærri má geta þegar unnið er í 500 metra hæð og tjaldbúðir niðri við sjávarmál. Sökum mikilla anna var hópurinn átta vikur að störfum en ekki tíu eins og undanfarin ár. Þá kom hópur ungmenna í atvinnuátaki til liðs við okkur og lagfærði skógarstígana ofan við bílastæðið við Kollafjörð, en Kvíabrekka, eins og staðurinn heitir, er nú að verða býsna skemmtilegt útivistarsvæði með flóknu neti göngustíga. Síðsumars voru fengnir smiðir til að skipta um gólfið á göngubrúnni yfir Mógilsá sem var farið að gefa sig og stafaði hætta af. Aðstoð við aðflutninga önnuðust starfsmenn félagsins og áðurnefndir sjálfboðaliðar. Fjallgöngumenn sem kalla sig Brautryðjendur stóðu fyrir því að lagfæra göngustíginn undir Þverfellshorni, færa til grjót og afmarka hann betur en verið hefur. Var þetta gert með stuðningi félagsins og velpóknun. Þá er þess að geta að vinnuslóðinn í Esjuhlíðum er illa farinn og á mörkum þess að vera akfær og er brýn þörf á að hann verði lagfærður.



Starfsmenn félagsins gróðursettu 16.415 plöntur í Esju að þessu sinni. Flestar voru gróðursettar sem íbætur við jaðar Kollafjarðarflóa og einnig undir Fálkaklettum, sem er vestasti hluti Esjuhlíða. Starfsfólk Toyota kom og gróðursetti 940 plöntur í sinn landnemareit við Kollafjarðará og var tilgangurinn að kolefnisjafna bíla sína. Um vorið var einnig gróðursett evrópulerki á vegum Skógræktarfélags Íslands. Voru það 5.896 plöntur, kvæmið Graubünden > 1.700m. Megnið var gróðursett undir skriðum Þverfells, en einnig í tilraunaskyni í 11 blokkir, 67 plöntur í hverri blokk frá láglandi og upp að áður nefndri gróðursetningu með u.þ.b. 100 metra hæðarbili.

Hinn árlegi Esjudagur var haldinn 12. júní með tilheyrandi fjallgöngum og gleðskap við Esjustofu. Af því tilefni var einnig kynnt nýtt gönguleiðaskilti við upphafi stígsins á Þverfellshorn.

18. september var haldin ráðstefna til heiðurs skógfræðingnum og Íslandsvininum Alexander „Sandy“ Robertson er bar heitið *Þytur í laufi – Skógar og skjól í Esjuhlíðum*. Að ráðstefnunni stóðu Skógræktarfélag Íslands, Reykjavíkur og Kjalarness, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá, Landbúnaðarháskólinn og Raunvísindadeild Háskóla Íslands. Ráðstefnustjóri var Símon Þorleifsson. Erindi fluttu Einar Gunnarsson um Esjuskóga, Haraldur Ólafsson um Esjuvinda, Þorbergur Hjalti Jónsson um storma og stöðug tré og Alexander Robertson sjálfur, um að lesa í vind og skóga. Aðalsteinn Sigurgeirsson sá um samantekt og umræður. Auk erindis Sandys var sýnikennsla í áhrifum vinda með notkun þurríss. Sérstaklega var áhugavert að sjá strauma um líkan af Esju sem Sandy hefur skorið út. Að lokinni ráðstefnu var hann sæmdur gullmerki Skógræktarfélags Reykjavíkur og tilnefndur heiðursfélagi. Þá var einnig farið í skoðunarferð um Esjuhlíðar.



Úlfarsfell

Ekki tókust samningar við Reykjavíkurborg um framhald Grænu skrefanna í Úlfarsfelli, en á undanförunum árum hefur félagið gróðursett mikinn fjölda trjáplantna í suðurhlíðum fjallsins og búið þannig í haginn fyrir framtíðina. Eftir er að gróðursetja í hluta hlíðarinnar og mikil þörf á að skipuleggja aksturs- og gönguleiðir á þessum slóðum.

Reynivellir

Lítilsháttar var grisjað í reit félagsins á Reynivöllum í Kjós og jólatré sótt þangað á aðventunni eins og undanfarin ár, mest blágreni og stafafura.

Fellsmörk

Greinargerð Hannesar Siggasonar, formanns Félags landnema á Fellsmörk.

Landnemar hafa með sér félag sem heitir Félag landnema á Fellsmörk. Tilgangur þess er að gæta hagsmuna landnema í hvívetna, en félagsmenn nefna sig „landnema“. Fellsmörk er samheiti jarðanna Fells og Keldudals í Mýrdalshreppi í V-Skaftafellssýslu. Þetta eru ríkisjarðir sem Skógræktarfélag Reykjavíkur er með á leigu skv. samningi sem gerður var árið 1988. Skógræktarsvæði landnema á Fellsmörk er tvískipt – austan og vestan við Fellsfjall. Um þetta svæði renna vatnsföllin Klifandi, Lambá og Hafursá.

Fjöldi landnema er 37 og hafa 14 þeirra komið sér upp sumarhúsum. Fyrstu landnemarnir hófu gróðursetningu árið 1989. Á þeim 22 árum sem landnemar hafa verið að störfum hafa þeir gróðursett u.þ.b. 340.000 skógarplöntur. Frá árinu 1998 hefur Landnemafélagið verið aðili að Landgræðsluskógum.

Árið 2010 gróðursettu landnemar engar plöntur úr Landgræðsluskógaverkefninu. Vegna ösku af völdum gossins úr Eyjafjallajökli var ekki ráðlegt að vera á svæðinu. Ef vind hreyfði varð öskukóf sem ekki er ráðlegt að anda að sér. Því þurfti Landnemafélagið að afþakka plöntur úr verkefninu, en það hefur ekki gerst áður. Einnig hafði áhrif að enn hafa stofnbrautir ekki verið lagfærðar, en stofnbrautir á austursvæðinu sópuðust að mestu í burtu í miklum flóðum haustið 2009. Einnig skemmdust stofnbrautir á vestursvæðinu. Ófært varð að spildum landnema á austursvæðinu og þar er eini staðurinn sem kemur til greina að geyma plönturnar sem Landgræðsluskógaverkefnið hefur úthlutað félaginu, en þar er að finna bústað með öruggri vatnsveitu til vökvunar á bakkaplöntunum þann tíma sem líður þar til þær eru gróðursettar (2 – 3 vikur). Engin landgræðsla átti sér stað á Fellsmörk á árinu í formi sáningar grasfræs og áburðar. Ástæðurnar eru þær sömu og að framan greinir.

Landnemar eru orðnir óþreyjufullir eftir lagfæringu stofnbrauta. Lagfæring eða endurgerð þeirra er á verksviði Skógræktarfélags Reykjavíkur. Skógræktarfélagið tilkynnti landnemum fljótlega eftir að stofnbrautirnar eyðilögðust að ekki stæði til að laga þær eða endurgera í fyrri mynd. Slíkt væri sóun á fjármunum því vatnsföllin myndu fljótlega ná að skemma brautirnar aftur því vegstæðið var alveg við hlið vatnsfallanna. Landnemar fögnuðu þessari ákvörðun. Árið 2010 sótti Skógræktarfélagið um ný vegstæði fyrir stofnbrautirnar til skipulagsyfirvalda í Mýrdalshreppi. Svar barst fljótlega og var það á þá leið að skipulagsyfirvöld setja sig ekki upp á móti nýjum stofnbrautum en benda á að endurskoða þurfi deiliskipulag af svæðinu og hafa samráð við ýmsa hagsmunaaðila, s.s. Landgræðsluna og Fornleifanefnd. Þar virðist málið standa. Boltinn er hjá Skógræktarfélaginu og bíða landnemar eftir útspli þeirra. Fram hefur komið að landeigandinn (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið) samþykkir tilfærslu á vegstæði en vill ekki taka þátt í neinum kostnaði.

Leigusamningar milli Skógræktarfélagsins og landnema hafa allt frá byrjun verið í hinum mesta ólestri. Um er ræða einstaklingsbundna samninga, þ.e. samning milli landnema sem leigutaka og Skógræktarfélagsins sem leigusala. Gerðar hafa verið nokkrar útgáfur af leigusamningum frá því að verkefnið hófst. Sumir landnemar eru þó engan leigusamning með. Árið 2008 tóku gildi lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús. Skv. lögnum myndi landeigandinn (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið), Skógræktarfélagið sem leigutaki gagnvart landeiganda og viðkomandi landnemi sem leigutaki gagnvart Skógræktarfélaginu undirrita leigusamning. Með tilkomu þessara laga ákvað Landnemafélagið að hafa frumkvæði að því að gera tillögu að texta í hugsanlegum nýjum leigusamningum milli Skógræktarfélagsins og landnema. Þessi texti grundvallaðist á áður nefndum lögum. Samningstillaga þessi hefur legið hjá Skógræktarfélaginu síðan árið 2008 án þess að Landnemafélagið hafi fengið nein skýr svör um tillöguna. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða því ekki fæst leyfi til þess að byggja sumarhús á leigulóð nema fyrir liggi leigusamningur. Þess má reyndar geta að landeigandinn hefur tilkynnt Skógræktarfélaginu að það muni ekki heimila fleiri sumarhúsabyggingar á Fellsmörk.

Það er lítið um þessar mundir sem minnir á skógrækt á Fellsmörk. Framtíðarsýn landnema er því miður ekki björt.



Greinargerð Sigurjóns Eyjólfssonar, umsjónarmanns í Fellsmörk.

Vinna í Fellsmörk var með minnsta móti á árinu. Vegna öskufalls á svæðinu var ekki sauðfé í Holti og girðingavinna því engin að vori. Vegslóði var lagaður í áraunum með Klifandi og var fært á löndin á Felli um sumarið. Gerð var tilraun með að valta vegslóðann og virkaði það vel. Lagfært var ræsi í Keldudalsá en vegslóði þar fyrir innan var enginn þar sem Hafursá rann með brekkunni allt sumarið.

Atvinnuáttak

Virkni og velgengi –heilsu og frumkvöðlastarf í Heiðmörk

Skógræktarfélagið stóð fyrir átaksverkefni meðal langtímaatvinnulausra um 6 vikna skeið yfir hásumarið. Var þetta í samvinnu við Reykjavíkurborg, en umsjón hafði Bergþóra Einarsdóttir. Fimmtán manns voru skráðir í byrjun en fækkaði nokkuð þegar á leið. Markmiðið var að styrkja viðkomandi bæði á andlega og líkamlega sviðinu og kynna ýmis nærtæk og áhugaverð viðfangsefni í Heiðmörk. Fólkið borðaði saman í hádeginu og fékk fræðslu og þjálfun í eftirfarandi: Kynningu á staðnum og starfsemi Skógræktarfélagsins, trjáklippingum og gróðursetningu, smíðum, jóga, tálgun nytjahluta, matargerð, ljósmyndun og stangveiði. Hópurinn skildi eftir sig sýnilega hluti eins og trjáhús og bekkir sem koma að góðum notum í Heiðmörkinni.

Það var samdóma álit þeirra sem að þessu verkefni stóðu að vel hefði tekist til og að augu þátttakenda hefðu opnast fyrir nýjum sviðum og mögulega nýjum störfum í framtíðinni.

Átakshópur í Esjunni

Félagið fékk til liðs við sig stóran hóp af ungu fólki í atvinnuátaki í eina viku við lagfæringu á skógarstígum í Kvíabrekku ofan við bílastæðið við Kollafjörð. Gerð voru þrep eftir kúnstarinnar reglum og keyrt kurl í alla stígana. Fólkið kom fyrir milligöngu Umhverfisstofnunar og vann verkið að nokkru með sjálfboðaliðasamtökunum British volunteers.

Átak fyrir jólin

Einn maður af atvinnuleysissskrá vann hjá félaginu um mánaðarskeið við hin ýmsu verkefni fyrir jólin.



Grænu skrefin

Yfirlit um samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur um gróðursetningu trjáplantna sem liður í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar.

1. Árið 2007 voru gróðursettar 40.000 plöntur í Esjuhlíðum.
2. Árið 2008 voru gróðursettar 180.000 plöntur í Úlfarsfelli og Esjuhlíðum.
3. Árið 2009 var markmiðið að gróðursetja 80.000 plöntur en aðeins tókst að gróðursetja 72.000. Ákveðið var að geyma 8.000 plöntur yfir vetur og gróðursetja þær næsta vor í Heiðmörk.
4. Árið 2010. Um vorið voru gróðursettar 8.000 plöntur í Heiðmörk til að uppfylla markmið fyrra árs og 16.000 um sumarið. Í Esjuhlíðum voru 8.000 plöntur gróðursettar að vori og 16.000 plöntur um haustið.

2007	40.000
2008	180.000
2009	72.000
2010	48.000
Samtals	340.000

Samtals hafa því verið gróðursettar 340.000 plöntur af þeim 500.000 sem var upphaflegt markmið. Áætla má að þær þeki nú rúma 100 ha. af nýju skóglendi í borgarlandinu, innan lögsögu sveitarfélagsins eða í Heiðmörk, Esjuhlíðum og Úlfarsfelli. Gróðursetningarsvæðin hafa helst verið lúpínusvæði og uppblásnir melar. Þessu verkefni er lokið og treysti Reykjavíkurborg sér ekki til að ljúka því miðað við upphafleg markmið.



Fræðslu- og kynningarmál

Fræðsla og kynning á vegum félagsins fór að mestu leyti fram á Vormarkaðnum, sem haldinn var fyrstu tvær helgarnar í maí og síðan á Afmælishátíðinni í lok júní.

- 7. 4. Kynning á verkefninu Verðmætamat Heiðmerkur á aðalfundi félagsins. Daði Már Kristófersson og Kristín Eiríksdóttir.
- 1.5. Sýning og sýnikennsla Félags trérennismiða á Vormarkaðnum Elliðavatni, alla fjóra dagana.
- 1. 5. Lífríki Elliðavatns. Kynning á vegum Veiðimálastofnunar.
- 2. 5. Fyrirlestur um trérennismíðar. Jón Guðmundsson.
- 8. 5. Kynning Fuglaverndar á starfsemi sinni.
- 8. 5. Landnámsþætur. Jóhanna Harðardóttir kom með nokkrar þætur og veitti upplýsingar.
- 9. 5. Fyrirlestur um ávaxtatré og ræktun þeirra. Jón Guðmundsson.
- 19-20.6. Nýtilegar plöntur í skóginum. Námskeið Kristbjargar Kristmundsdóttur og Hildar Hákonardóttur.
- 21. 6. Fuglaskoðun á bökkum vatnsins. Jakob Sigurðsson.
- 22. 6. Söguganga við Elliðavatn. Helga Sigmundsdóttir.
- 22.6. Fjölskyldan tálgar í tré. Námskeið Ólafs Oddssonar.
- 23. 6. Vatn og fiskur. Jón Kristjánsson.
- 24. 6. Kynning á landnemareitum FÍ og Nordmannslaget við Heiðarbraut.
- 25. 6. Deiliskipulag Heiðmerkur. Óskar Örn Gunnarsson og Yngvi Þór Loftsson.
- 25. 6. Áhrif skógræktar á vatn og vatnsgæði. Bjarni Diðrik Sigurðsson.
- 25. 6. Heiðmörk: Framtíðarsýn. Lena Rut Kjartansdóttir og Helga Sigmundsdóttir.
- 4. 9. Sveppanámskeið. Ása Margrét Grímsdóttir.
- 18.9. Ráðstefna í Esjustofu í samstarfi við aðra til heiðurs Alexander Robertson.



Viðburðirnir voru rækilega auglýstir í blöðum, útvarpi, á fésbókinni og heimasíðu félagsins. Þar að auki voru þeir kynntir í Skógartíðindum, sem komu tvisvar út á árinu. Auk þessa var Kristbjörg Kristmundsdóttir með jóga- og blómadropanámskeið sín, eins og undanfarin ár og í júní var haldið nokkurra vikna fluguveiðinámskeið fyrir unglunga í Gamla salnum. Umsjón með námskeiðunum hafði Einar Guðnason.

Tekið var á móti fimm hópum í skoðunarferð um Heiðmörk. 27. mars kom Johan C. Löken formaður Skógræktarfélag Noregs ásamt föruneyti. 18. júní kom Jón Loftsson skógræktarstjóri ásamt hópi Norðmanna. 2. september kom Öldungaráð skógfræðinga og móttaka var fyrir Menntaráð Reykjavíkur í samráði við Náttúruskólann þann 15. september. Og stjórn Vesturlandsskóga hélt fund á Elliðavatni þann 11. ágúst.

Í Rjóðrinu skammt frá bænum á Elliðavatni er útikennslustofa með eldstæði og bekkjum í kring. Rjóðrið var mikið sótt af nemendum í skólum borgarinnar og einnig til námskeiðahalds á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur. Einnig til upplestrar og skemmtunar á Jólamarkaðnum.

Helstu atburða var getið á heimasíðu félagsins og fréttir og myndir af starfseminni birtust þar reglulega. Þá var fésbókin einnig virkjuð, bæði fyrir Vormarkaðinn og Jólamarkaðinn.

„Tré fyrir tré“ er verkefni sem hófst um áramótin og fólst í því að Gámaþjónustan sótti jólatré til borgarbúa eftir hátíðarnar gegn gjaldi. Trén voru kurluð og notuð sem uppistaðan í moltugerð, en hluti af gjaldinu rennur til Skógræktarfélagins. Að vori gefst fólki síðan kostur á að gróðursetja tré á vegum félagsins sem verða tilvonandi jólatré í Jólaskóginum í Hjalladal. Fyrsta gróðursetningin fór fram 19. júní og endaði með grillveislu í boði Gámaþjónustunnar.

Skógartíðindi komu út tvisvar og voru send til allra félagsmanna, fyrra tölublaðið helgað Afmælishátíðinni í Heiðmörk og það síðara Jólamarkaðnum. Um vorið gaf félagið út bækling sem er sérprentun úr Skógræktarritinu um verkefnið Tré mánaðarins í Reykjavík 2008-2009.

Töluvert var fjallað um starfsemi félagsins á árinu í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Auk þessa birtust einnig viðtöl við framkvæmdastjóra félagsins vegna deilna við Kópavogsbæ og dóma sem féllu í því máli og eins vegna umræðu um aspir í þéttbýli.



Náttúruskóli Reykjavíkur

Greinargerð Helenu Óladóttur, verkefnisstjóra Náttúruskólans.

Samstarf Náttúruskóla Reykjavíkur og Skógræktarfélags Reykjavíkur hefur verið afar farsælt. Það hverfist um fræðslu, stuðning og samvinnu í ólíkum verkefnum og á árinu 2010 varð engin breyting þar á.

Náttúruskóli Reykjavíkur tók þátt í undirbúningi 60 ára afmælis Heiðmerkur sem fagnað var í júní. Verkefni Náttúruskólans fólst í að hafa umsjón með skipulagningu og byggingu lengstu þrautabrautar sem sett hefur verið upp í skógi á Íslandi. Nemendur Vinnuskólans sáu um uppsetningu þrautabrautarinnar, hnýttu hnúta og sveifluðu sér í köðlum. Einnig voru skipulögð ýmis konar náttúruverkefni í skóginum sem afmælisgestum stóð til boða að taka þátt í á afmælisdaginn.

Á hverju ári styður Skógræktarfélag Reykjavíkur tryggilega við bak Náttúruskólans. Meðal annars útvegar félagið allan þann eldivið sem er notaður í skólstarfinu, bæði í stuðningi við einstök verkefni skóla og á námskeiðum á vegum Náttúruskólans. Einnig hefur Náttúruskólinn aðgang að Rjóðrinu við Elliðavatnsbæinn þar sem fjölmörg námskeið fara fram á hverju ári auk þess sem Skógræktarfélagið hefur verið Náttúruskólanum innan handar með annars konar húsnæði til funda- og námskeiðahalds.

Í september hélt nýskipað Menntaráð Reykjavíkur fund sinn í boði Náttúruskólans og Skógræktarfélagsins. Fundurinn fór fram í blíðviðri í rjóðrinu og næsta umhverfi þess. Fundargestir tóku þátt í náttúruleikjum, kveikt var upp í rjóðrinu og setið þar að spjalli um útikennslu og umhverfismennt. Fundinum lauk í Elliðavatnsbænum.



Samstarfs- og styrktaraðilar

Avanika –Kristbjörg ehf.
Esjustofa
Ferðafélag Íslands
Félag landnema á Fellsmörk
Félag trérennismiða
Garðabær
Gámaþjónustan
Háskóli Íslands
Hjólreiðafélag Reykjavíkur
Í boði náttúrunnar
Landbúnaðarháskóli Íslands
Landgræðsluskógar
Landgræðslusjóður
Landsvirkjun
Minningarsjóður Páls Gunnarssonar
Náttúrurannsóknastöðin á Mývatni
Náttúruskóli Reykjavíkur
Orkuveita Reykjavíkur
Pokasjóður
Reykjavíkurborg
Skógrækt ríkisins
Skógræktarfélag Íslands
Toyota
Umhverfisstofnun
Veiðifélag Elliðavatns
Vinnumálastofnun
Vinnuskóli Reykjavíkur



Ávarp á Vígsluflöt 26. júní 2010

Nú í sumar verða liðin sextíu ár síðan þáverandi borgarstjóri Dr. Gunnar Thoroddsen opnaði útivistar- og friðlandið Heiðmörk með því að gróðursetja þar tré.

Samfara friðun landsins var Skógræktarfélagi Reykjavíkur afhent landið til varðveislu og umsýslu. Þau umskipti sem orðið hafa í Heiðmörk á þessu árabili sýna að sú ráðstöfun borgarráðs var farsæl og framsýn. Milljónir trjáplantna hafa verið gróðursettar í Heiðmörk og er svæðið nú vaxið samfelldum skógi sem veitir borgarbúum unaðslegt umhverfi í skjóli trjágróðurs. Þeir sem til þekkingar vita að sálartetrið fyllist gleði og lífsfyllingu við að dveljast meðal trjáa. Þannig er Heiðmörk mikill unaðsgjafi. Á þessum sextíu árum hefur Heiðmörk orðið að fjölsóttasta útivistarsvæði landsins.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur sinnt umsýslu Heiðmerkur af ábyrgð og trúmennsku. Þótt félagið hafi mörg önnur verkefni, sem krefjast öll tíma og fjármuna, þá tek ég undir með einum forvera mínum sem sagði að í Heiðmörk slægi hjarta félagsins. Fyrir utan mikla umhyggju hefur félagið varið tugum milljóna af eigin fé til reksturs svæðisins, en það þarfnast árlega mikillar umhirðu. Þau landsvæði sem nú falla undir heitið Heiðmörk er að hluta til byggt á einhliða ákvörðun félagsins.

Þótt Heiðmörk sé í huga flestra eftirsótt útivistarsvæði sem haldi ótrautt áfram að dafna og vaxa, steðja ýmsar hættur að svæðinu. Sú helsta af nokkrum er, að eigendur landsins eru þrír. Þeir nálgast þessa eign sína á mismunandi hátt. Meðal annars hafa fæðst hugmyndir um að taka hluta landsins undir íbúabyggð eða reisa þar útilífsmiðstöð. Skipulagsvaldið er hjá tveimur sveitarfélögum, sem ekki samræma endilega mismunandi hugmyndir sínar um nýtingu svæðisins. Fyrir frið- og gríðland sem Heiðmörk er býður þetta upp á árekstra og skipulagsslys.

Á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt tillaga þess efnis að félagið beiti sér fyrir því að sett verði sérlög um Friðlandið Heiðmörk. Tilgangurinn er sá að Heiðmörk falli undir heildstæða lagasetningu og eitt skipulagsvald. Engin formleg ákvörðun er til um Heiðmörk utan friðun Reykjavíkurhlutans í ályktun borgarráðs frá árinu 1950. Engar sameiginlegar samþykktir eða reglur eru til um Heiðmörk. Hvað það varðar á Heiðmörk tilvist sína að hluta til undir samningum skógræktarfélagsins við fyrrverandi landeigenda Vífilsstaða. Nýleg reynsla okkar í Heiðmörk, þar sem skógræktarlandi var spillt af opinberum aðila án vitundar félagsins og án tilskilinna leyfa segir okkur að styrkja þarf lagalega umgjörð Heiðmerkur.

Ég vona að sumarið verið ykkur félagsmönnum svo og öðrum sem að skógræktarmálum starfa gjöfult og farsælt.

Pröstur Ólafsson, formaður stjórnar.



Skógræktarfélag Reykjavíkur þakkar ánægjulegt samstarf og stuðning borgarbúa undanfarna áratugi